

Skýrsla kappleikjanefndar 2022

Mótasumarið 2022 var að flestu leyti svipað árinu á undan. Sömu mót voru haldin á vegum kappleikjanefndar og árið á undan en tekjur jukust um rúmar 2 milljónir á milli ára.

Munar þar mest um Sveitakeppni GSÍ og Íslandsmót en þó voru tekjurnar hærri á nánast öllum mótum sumarsins.

Ekki var heldur hægt að kvarta yfir veðrinu sem almennt var almennt mjög gott á mótum sumarsins.

Skorskráning þátttakenda batnaði enn þetta árið og er nú orðin þannig að nánast allir skrá skor meðan á leik stendur.

Fjöldi móta sem haldin voru á vegum kappleikjanefndar var sá sami og á árinu 2021 eða 10 mót.

Heildarfjöldi þátttakanda í þessum mótum var 1205 eða 7 færri en árið 2022.

Nokkur stöðugleiki er kominn í mótahaldið hjá klúbbnum og hefur verið miðað við að mót sé haldið að jafnaði aðra hverja helgi yfir golftímabilið. Þetta er sem fyrr mikilvægur þáttur í fjáröflun klúbbsins og almennt góð sátt meðal klúbbfélaga um núverandi fyrirkomulag.

Fjölmennasta mótið þetta árið var Promennt Open en þátttökumet var sett þar í móti hjá GÖ með 220 þátttakendum.

!!!! Hér bætist vonandi við eitthvað varðandi nýja styrktaraðila á Hjóna og Paramótinu

Þátttaka var í meistaramótinu og bikarkeppninni var nánast sú sama og árið á undan.

Í forkeppni bikars hófu leik 35 keppendur en bikarmeistari ársins varð að lokum Rafn Þorsteinsson.

Í meistaramótinu hófu leik 109 en klúbbmeistarar 2022 Ásgerður Sverrisdóttir sem varði titilinn í kvennaflokki og Þórir Baldvin Björgvinsson í karlaflokki.

Öllum þessum meisturum eru færðar hamingjuóskir.

Kappleikjanefndin vill þakka öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem veittu aðstoð við framkvæmd mótanna á árinu og vonast eftir góðu samstarfi við félagi á komandi keppnisári.

Styrktaraðilum mótanna eru jafnframt færðar hinar bestu þakkir fyrir stuðninginn á árinu.

Fyrir hönd Kappleikjanefndar.

Guðmundur Pálmason